# PÓGÓ-LEIKREGLUR

## BREIÐDALS-OG STÖÐVARFJARÐSKÓLA

- Völlurinn er u.þ.b.4x4 m. Skipt í fjóra reiti. Einn er inni í hverjum reit.
- Boltinn er alltaf gefinn upp í sama reitnum (mismunandi hver er í honum, kallast kóngurinn).
- Fjórir byrja inni á vellinum en hinir bíða í röð til hliðar.
- Markmiðið er að koma boltanum úr sínum reit yfir á annan.
- Hendur eru notaðar til að koma boltanum á milli reita.
- Boltinn má aðeins skoppa einu sinni í reitnum þínum áður en þú gefur hann annað.
- Bannað er að slá niður og að moka boltanum.
- Ef hann skoppar aftur ert þú úr leik en ef einhver gefur hann út fyrir þá er sá hinn sami úr leik.
- Þá færa hinir þrír sig um einn reit til vinstri og nýr leikmaður kemur inn.
- Kóngur hefur 2 líf.
- Ef bolti lendir á línu er sá sem síðast snerti boltann úr leik.

**Markmið**:

Leikurinn æfir þolinmæði, hreyfingu og samskipti hópsins þar sem oft þarf að taka rökræður um hvort að reglum hafi verið fylgt o.s.frv.

**Athugið**:

Reglur þurfa að vera skýrar í upphafi ( má nota fót, er kóngur með 2 líf eða annað sem þarf að ræða og ákveða). Ef hópur hefur tillögur af öðrum útfærslum er um að gera að prófa, og ef það gengur vel má endilega láta vita svo hægt sé að bæta við lýsingu.

